

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. júní 2024.

Mál nr. S-5998/2023:

Ákærvaldið

(Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Viktori Frey Hjörleifssyni

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

(Gunnar Gíslason lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 21. maí 2024, er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 5. október 2023, á hendur „Viktori Frey Hjörleifssyni, [...], fyrir líkamsárás og brot í opinberu starfi sem lögreglumaður, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. maí 2023, utandyra við Aðalstræti 16 í Reykjavík, farið offari og ekki gætt lögmætra aðferða við handtöku A. Ákærði beitti ítrekað úðavopni gegn A og sparkaði í vinstri fótlegg hans, án þess að A veitti mótþróa við handtökuna, og sló hann síðan fjórum sinnum með kylfu í líkama, þar sem A var liggjandi á fjórum fótum, án þess að nauðsyn bæri til. Telst þetta varða við 132. gr. og 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“
- Með framhaldsákæru útgefni 8. nóvember 2023 var bætt við framangreinda ákæru: „Einkaréttarkrafa:
Af hálfu A, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 27.05.2023, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“
- Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara að hann hljóti vægustu refsingu sem lög leyfa. Þá krefst ákærði þess aðallega að bótakröfu brotþola samkvæmt framhaldsákæru verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Þess er krafist að skipuðum verjanda ákærða verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun og allur sakarkostnaður málsins verði felldur á ríkissjóð.

Málsatvik

4. Með bréfi, dagsettu 22. júní 2023, tilkynnti lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu til embættis héraðssaksóknara í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 3/2023 hugsanlega refsiverða háttsemi ákærða sem starfandi lögreglumanns hjá embætti lögreglustjórans er laut að því hvort hann hefði farið offari við handtöku á sakborningi 27. maí 2023 í tilteknu máli. Vísað var sérstaklega til þess að upptökur lægju fyrir í málinu. Lagt var í mat héraðssaksóknara hvort hefja bæri sakamálarannsókn.
5. Handtaka sú sem um ræðir átti sér stað að næturlagi nefndan dag í kjölfar átaka sem áttu sér stað í Austurstræti og hófust rétt hjá veitingastaðnum Lúx sem er í Austurstræti 7.
6. Myndskeið liggja fyrir úr þremur eftirlitsmyndavélum sem eru staðsettar í Austurstræti á milli Pósthússtrætis og Veltusunds. Tvær þeirra vísa í austurátt eftir götunni og er önnur þeirra staðsett að Austurstræti 3 og er norðan götunnar, eins og nefndur veitingastaður, hin er staðsett nokkurn veginn andspænis veitingastaðnum fyrir utan veitingastaðinn American Bar hinum megin við götuna. Þriðja vélin snýr í vesturátt í átt að Veltusundi andspænis Lúx þannig að öll framhlið veitingastaðarins sést frá því sjónarhorni.
7. Afskipti lögreglu hófust klukkan 4:25 en fyrirliggjandi myndskaið úr ofangreindum myndavélum hefjast um það bil 4:15. Nánast albjart er orðið af degi svo síðla nætur í lok maí. Fremur fátt er af fólki á ferli fyrstu mínútur myndskaiðsins og lítið um að fólk sé að staldra við heldur gengur það Austurstræti. Það er helst í kringum innganginn á veitingastaðnum Lúx sem nokkur umferð er og fólk að koma út og fara inn aftur eða ganga á braut eftir atvikum. Þrír dyraverðir staðarins standa lengst af utan hans á þessu tímabili.
8. Klukkan 4:21 gengur einstaklingur út af veitingastaðnum og leggur af stað í vesturátt eftir gangstéttinni en staldrar svo við og leggur af stað í áttina að veitingastaðnum aftur. Brotapoli og nokkrir aðrir menn koma út af veitingastaðnum og snúa í vestur. Brotapoli er auðþekkjanlegur á myndskaiðum þar sem hann er maður hávaxinn og nokkuð þrekinn, klæddur bláum stuttermabol með stórri áprentaðri auglýsingu á hvítum grunni efst á bakinu. Samferðamenn brotapola bera augsýnilega kennsl á manninn sem fyrst gekk út af veitingastaðnum en er brotapoli sér manninn tekur hann á rás í áttina að honum. Brotapoli veitist að manninum og grípur í fót hans og dregur fötin, jakka og skyrtu, yfir höfuð hans þannig að maðurinn stendur eftir ber að ofan. Hann heldur þó á fötum sínum og tekur á rás í austurátt eftir götunni en brotapoli sparkar á eftir honum án þess að hitta hann. Maðurinn hleypur þó ekki á brott heldur klæðir sig í fötin og á augljóslega í orðaskiptum við brotapola og einn samferðamann hans sem ganga á eftir honum. Maðurinn stöðvar för er hann kemur að Landsbankahúsinu en brotapoli og félagi hans nema staðar áður en þeir koma að Austurstræti 9, sem er næsta hús við Landsbankahúsið. Af látæði á myndskaiði má ráða að mennirnir kallast á. Brotapoli og félagi hans leggja svo af stað með fram Austurstræti 9 í áttina að manninum, sem hörfar aftur á bak án þess

þó að hlaupa á brott. Þá tekur brotaþoli á rás í áttina að manningnum sem stekkur þá til hliðar út á götuna og missir jafnvægið og dettur og virðist missa síma úr höndunum sem skoppar frá honum. Maðurinn sprettur á fætur og hörfar undan í vesturátt en brotaþoli og félagi hans ganga rólega út á götuna. Þar tekur brotaþoli upp símann og svo ganga þeir tveir í áttina á eftir manningnum sem, hleypur ekki á brott, og áfram eiga menn í orðaskiptum. Maðurinn fer upp á gangstéttina fyrir framan American bar en brotaþoli upp á gangstéttina fyrir framan Lúx. Samferðamaður brotaþola tekur símann úr hendi brotaþola, gengur yfir götuna og réttir manningnum símann og bandar manningnum með hendi sinni með ákveðnum hreyfingum eins og hann sé að skipa honum að hverfa á brott. Að því búnu fara brotaþoli og samferðamaður hans aftur inn á Lúx en maðurinn stendur kyrr andspænis veitingastaðnum hinum megin götunnar og fer að tala í símann. Hann röltir síðan að inngangi veitingastaðarins og talar áfram í símann. Á þeirri stundu, klukkan 4:24, er nokkur hópur af fólki að koma út af veitingastaðnum, þar á meðal brotaþoli, en er maðurinn sér brotaþola snýr hann sér frá, að því er virðist til að ganga yfir Austurstræti á ný, og er enn með símann við eyrað. Samferðamaður brotaþola virðist lempa hann til að fara aftur inn á veitingastaðinn en brotaþoli staldrar við í dyragættinni, snýr sér við á þröskuldinum og bandar hendi, að því er virðist reiðilega, í átt að margnefndum manni.

9. Á sömu stundu brjótast út átök milli tveggja manna sem hafa nýverið gengið út af veitingastaðnum og kemur til handalögmála þeirra fyrir framan verslun Icewear sem er við hlið Lúx nær Veltusundi. Á myndskaiðum verður ekki séð að nein tengsl hafi verið milli brotaþola og þessara manna og hann tekur engan þátt í átökum þeirra. Fram kom í vitnisburði brotaþola að hann hafi þekkt alla hlutaðeigandi en deilur þeirra hefðu verið honum óviðkomandi.
10. Samferðamaður brotaþola gengur á hinn bóginn að margnefndum manni sem brotaþola virðist augljóslega hafa verið uppsigað við og á við hann orðastað og í kjölfarið leggur maðurinn af stað vestur Austurstræti. Samferðamaður brotaþola snýr sér að brotaþola þar sem hann kemur aðvífandi, í því skyni að hindra hann í að elta manningnum. Samferðamaður brotaþola lendir nánast í handalögmálum við hann við þetta og nær einungis að hægja á brotaþola.
11. Á þessu augnabliki ber tvo lögreglumenn að og er ákærði annar þeirra. Þeir vinda sér í að stöðva átökin milli hinna manna tveggja sem eru í gangi. Ákærði nær að grípa annan þeirra út úr átökunum og sá fellur í götuna. Samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi mun hann hafa beitt piparúðavopni gegn hinum manningnum sem var í átökunum en ekki þeim sem hann var með í tökum. Ákærði er með yfirhöndina í þeim atgangi en lendir ásamt hinum handtekna í götunni mitt á milli brotaþola og mannsins sem hann virðist eiga vantalað við. Í sömu mund hefst upptaka úr búkmyndavél ákærða sem er meðal

gagna málsins, en framangreind lýsing byggir á því sem fyrir augu ber í fyrrgreindum þremur eftirlitsmyndavélum í Austurstræti.

12. Brotapoli er á framangreindu augnabliki á leið að manningum sem hann stefndi að og þá nánast kominn að ákærða þar sem hann er með mann í tökum. Ákærði beinir að brotapolu piparúðavopni og segir endurtekið *bakkið frá*. Brotapoli snýr fyrst báðum lófum á móti ákærða og bendir síðan yfir ákærða á manninn sem hann var að ganga að og segir *I am going there*. Hann tekur svo á sig krók fram hjá ákærða og manningum sem ákærði er með í tökum á götunni. Ákærði gengur frá piparúðavopninu og finnur til handjárn til að nýta við yfirstandandi handtöku.
13. Maðurinn sem brotapoli var á leiðinni að hörfar á sömu stundu undan honum upp á gangstéttina norðan götunnar og fylgir brotapoli á eftir honum þar sem hann mætir lögreglumanni nr. B sem var að koma aðvífandi á vettvang en henni hafði dvalist við að ganga frá lögreglubifreiðinni sem hún og hinir tveir lögreglumennirnir voru á. Er lögreglumaður nr. B er komin fram hjá lítur brotapoli að því er virðist um öxl í áttina þangað sem lögreglan var að sinna handtökum og tekur svo á rás nokkur skref í áttina að manningum sem hann var að elta. Maðurinn hleypur þá af stað, fyrst örfá skref í átt að Veltusundi en beygir síðan snögg í sveig yfir götuna á móts við veitingastaðinn Shalimar þar sem hann rennur og dettur í götuna án þess að brotapoli sé þar nærri. Brotapoli eltir hann á hinn bóginn en er heldur svífaseinni og því kominn vestur fyrir manninn eftir fyrnefnda snögga beygju þannig að maðurinn er á milli hans og ákærða. Í þann mund sem maðurinn sprettur á fætur eftir fallið er brotapoli nánast kominn að honum og sparkar í áttina að afturenda mannsins án þess að þess sjáist merki á myndskráðum að hann hafi hitt, í það minnsta skokkar maðurinn nokkur skref og stansar svo á móts við Gyllta köttinn sunnan götunnar, fáa metra frá, án þess að kenna sér meins svo séð verði, og lítur til baka. Brotapoli eltir hann ekki en samferðarmaður brotapolu gengur til hans í áttina frá Lúx.
14. Í sömu mund og samferðamaður brotapolu er kominn að honum sést hvar ákærði stendur upp og kemur gangandi ákveðnum skrefum í áttina til brotapolu og tekur sér í hægri hönd piparúðavopnið sem hann gekk frá meðan hann sinnti handtökunni. Ákærði naut liðsinnis dyravarðar á Lúx við að færa hinn handtekna í handjárn en á meðan þeir voru að því hefur ákærði orðið var við framangreindan atgang í brotapolu gagnvart manningum. Á upptöku búkmyndavélar ákærða sjást handtök hans við að finna til handjárn og heyrir dyravörðurinn segja meðal annars, *farðu bara, ég tek þetta*. Ákærði skilur þar með fangann eftir í vörslu dyravarðarins, rís upp og snýr í vestur og gengur í átt að brotapolu klukkan 4:26.
15. Ákærði kallar ítrekað *komdu* og bandar piparúðavopninu í áttina að brotapolu, sem virðist í fyrstu svara með blótsyrði á ensku en tekur svo á rás vestur Austurstræti og yfir Ingólfstorg í suðurátt inn á Aðalstræti. Rétt í þann mund sem ákærði er að hlaupa af stað

virðist ákærði fyrst líta yfir vinstri öxl þangað sem maðurinn sem brotaþoli átti í úti-stöðum við stóð og svo aftur fyrir sig til hægri þar sem lögreglumaður nr. B sést taka viðbragð til að hlaupa af stað og þá tekur ákærði á sprett á eftir brotaþola og kallar ítrekað á hann *stoppaðu*. Lögreglumaður nr. B hleypur á eftir þeim en er spölkorn á eftir. Brotaþoli hlýðir fyrirmælum ákærða um að stansa er hann er nánast kominn að gatnamótum Aðalstrætis og Kirkjustrætis og snýr við og gengur nokkur skref á móti ákærða sem kemur hlaupandi á eftir honum og mætast þeir á mótis við Aðalstræti 16. Gatan er regnvot að sjá á upptökunni. Á þessu augnabliki er um það bil ein mínúta liðin frá því að upptaka búkmyndavélar ákærða hófst er hann hafði handtekinn mann í tókum fyrir utan Lúx.

16. Ákærði beinir piparúðavopninu sem hann var með í hendinni á hlaupunum strax að brotaþola og kallar tvisvar háum rómi á hann að leggjast á magann. Í sömu andrá segir brotaþoli ítrekað á ensku *don't spray me* og stendur kyrr og snýr hálfvegis frá ákærða. Ákærði skipar brotaþola þá að leggjast á jörðina á ensku um leið og hann úðar piparúða í andlit brotaþola sem augljóslega fær úðann í augun og snýr sér undan og togar bol sinn upp til að þurrka sér um augun. Er ákærði sprautar piparúðanum í augu brotaþola eru liðnar um það bil sex sekúndur frá því að brotaþoli stansaði og hóf að biðja ákærða að sprauta ekki á sig piparúðanum.
17. Brotaþoli hálfhrökklast undan ákærða í áttina að porti við húsið að Aðalstræti 16. Þegar hann er að komast að gangstéttinni snýr hann baki í ákærða og setur hendur fyrir aftan bak og segir *arrest me* og stendur kyrr. Þegar brotaþoli lítur um öxl í áttina að ákærða úðar ákærði piparúða á ný í andlit mannsins sem hrökklast þá áfram undan honum inn á lóðina við Aðalstræti 16 og talar háum rómi í auðheyranlegu uppnámi meðal annars á ensku um að ákærði sé að úða í andlit hans og kvartar yfir því að sjá ekki neitt, og meðal annars hallar hann sér fram og heldur handleggjunum um læri sín og virðist líða illa. Þegar ákærði beitti vopninu í þetta sinn voru liðnar átta sekúndur frá því að hann beitti því fyrst.
18. Lögreglumaður nr. B sést í eftirlitsmyndavél sem staðsett er utan á húsinu Aðalstræti 16 koma gangandi á vettvang strax og ákærði er búinn að sprauta á brotaþola í fyrsta skiptið og tekur undir fyrirmæli ákærða með orðunum *lie down* augnabliki áður en ákærði sprautar piparúða í annað sinn í augu brotaþola þar sem hann stendur með hendur fyrir aftan bak. Er ákærði sprautar úðanum í þetta sinn er hann staddur áveðurs gagnvart lögreglumanni nr. B sem verður fyrir því að piparúðinn hafnar í augum hennar. Fyrir dómi lýsti lögreglumaðurinn því að þetta hefði verið mjög óþægilegt, hún hefði hálfamast í fyrstu auk þess sem hún hefði nánast ekki séð neitt af þeirri atburðarás sem í hönd fór er brotaþoli var handtekinn.
19. Á sama tíma og framangreint átti sér stað margskipar ákærði brotaþola á ensku að leggjast á magann og virðist mega draga þá ályktun af mjög snöggum höfuðhreyfingum

brotapola að ákærði hafi notað piparúðavopnið ítrekað. Ákærði bar á hinn bóginn um það fyrir dómi að hafa einungis sprautað tvisvar á manninn en brotapoli hélt því hins vegar fram fyrir dómi að ákærði hefði margnotað vopnið allt þar til það tæmdist. Ljóst er af myndskaiðinu úr búkmyndavél ákærða og úr eftirlitsmyndavél í Aðalstræti 16 að brotapoli veitir enga mótspyrnu á meðan hann er standandi en er seinn til að bregðast við skipunum ákærða.

20. Samferðamaður brotapola sést koma á vettvang á þessu augnabliki auk þess sem maður í svörtum bol með áletruninni [...] kemur þangað einnig. Samferðamaðurinn nálgast ákærða og lögreglumann nr. B með opna lófa beggja handa og biðst vægðar fyrir hönd brotapola og segir bæði á ensku og íslensku margítrekað að brotapoli hafi ekki gert neitt og að það sé verið að handtaka rangan mann. Nefndur öryggisvörður sér svo um að halda samferðamanninum og öðrum frá lögreglunni á meðan verið er að handtaka brotapola. Lögreglumaður nr. B á augskýlega erfitt með að beita sér á vettvangi af því sem sjá má á nefndum myndskaiðum.
21. Er ákærði snýr sér á ný að brotapola eftir að samferðamaður hans hefur verið stöðvaður lýtur brotapoli fram og er með stuttermabol sinn í höndunum og er að þurrka sér um augun en réttir svo úr sér og tvinnar saman blótsyrði um ákærða á ensku en hann virðist bregðast við með því að beita úðavopninu ítrekað eftir því sem ráða má af viðbrögðum brotapola, og skipar honum að leggjast. Brotapoli snýr frá honum og hálfhallar sér fram. Ákærði spyrnir þá fæti í hnésbætur brotapola á vinstri fæti án þess að brotapoli detti og hann snýr áfram frá ákærða.
22. Á þessari stundu gerir ákærði örstutt hlé á fyrirmælum sínum og aðgerðum gagnvart brotapola til þess að því er virðist að eiga samskipti við lögreglustöðina og kalla eftir aðstoð. Síðan beinir ákærði úðavopninu að brotapola enn á ný og skipar honum að leggjast á magann og leggst þá brotapoli fyrst á fjórar fætur með ensk blótsyrði á vörum um ákærða. Brotapoli leggst svo alveg á magann og virðist mega álykta af viðbrögðum brotapola að ákærði úði enn einu sinni í andlit hans. Lögreglumaður nr. B kemur þá hikandi þangað sem brotapoli liggur en er hann verður var við hana fer hann upp á fjóra fætur á ný og virðist eitt andartak reyna fálmkennt að grípa í fótlegg ákærða rétt ofan ökla. Lögreglumaður nr. B ýtir honum hálfvegis niður á ný en án atbeina ákærða sem hafði staldrað við í sínum aðgerðum til að klæða sig í hanska. Ákærði tekur svo upp kylfu sem hann dregur í sundur um leið og hann heldur áfram að skipa ákærða í sífellu að liggja á maganum og aðvarar hann í eitt sinn um að ef hann leggst ekki muni hann nota kylfuna, *or I will use the bat*. Ákærði réttir svo úr sér og sést á myndskaiðinu úr búkmyndavél hans hvar lögreglubifreið er að koma aðvífandi akandi eftir Suðurgötu. Í myndskaiði úr eftirlitsmyndavél sem er utan á Aðalstræti 16 sést að ákærði virðist líta í áttina að lögreglubifreiðinni. Við svo búið greiðir ákærði brotapola fjögur högg hvert á eftir öðru aftan til efst í vinstra lærið og vinstri síðuna.

23. Í þeirri andrá drífur að lögreglumennina sem komu á bifreiðinni og þeir taka yfir vettvanginn og handtöku brotaþola sem er handjárnaður klukkan 4:32. Samkvæmt tímaskráningu búkmyndavélar ákærða leið ein mínúta og fjörutíu sekúndur frá því að brotaþoli hlýddi fyrirmælum ákærða um að stansa þar til hann var settur í handjárn.
24. Samferðamaður brotaþola heyrir ræða á vettvangi við ákærða eftir handtöku brotaþola á blöndu af íslensku og ensku og inna hann eftir því af hverju hann hafi verið að úða á brotaþola piparúða þar sem hann hafi ekki gert neitt og sé ofurölvi. Ákærði svarar því til að brotaþoli verði að hlusta á það sem lögreglan segi við hann.
25. Ákærði hélt svo sem leið lá aftur inn í Austurstræti þar sem aðrir lögreglumenn voru, sem og þeir einstaklingar sem höfðu verið þar í átökum og voru enn í handjárnnum, en þeir voru svo fluttir brott skömmu síðar. Sá sem brotaþoli átti í útistöðum við virðist hafa verið á bak og burt.
26. Brotaþoli var fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem honum var veitt aðhlyning eftir að tekist hafði að róa hann. Honum var svo sleppt klukkustundu eftir að hann kom þangað.
27. Ákærði ritaði skýrslu um afskipti sín af brotaþola síðar þennan sama dag. Bókað er í skýrsluna að handtaka þessi hafi átt sér stað klukkan 4:25 á þeim grundvelli að fyrirmælum lögreglu hafi ekki verið hlýtt og vísað til 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og að um brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar hafi verið að ræða.
28. Í skýrslunni var greint frá því að ákærði hefði verið ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum að sinna handtökum og vísað til málanúmers í málaskrárkerfi lögreglu í því samhengi. Þá hefði hann litið vestur Austurstræti og séð aðila sparka í annan aðila. Ákærði hefði ætlað að gefa sig á tal við aðilann með því að gefa honum ítrekuð fyrirmæli um að koma nær en án árangurs. Þegar ákærði hefði nálgast manninn hefði hann byrjað að hlaupa vestur Austurstræti. Ákærði og annar lögreglumaður, nr. B, hefðu hlaupið á eftir honum. Aðilinn hefði hlaupið yfir Ingólfstorg og því næst suður Aðalstræti og stöðvað för sína við gatnamót Aðalstrætis og Túngötu. Á leiðinni hefðu honum fjórum sinnum verið gefin skýr fyrirmæli um að stöðva för sína. Síðan hefðu honum þrisvar verið gefin fyrirmæli á íslensku um að leggjast á jörðina og því næst tvenn fyrirmæli um að leggjast í jörðina á ensku þar sem honum hefði um leið verið ógnað með úðavopni. Þar sem aðilinn hefði ekki fylgt fyrirmælum hefði úðavopn verið notað gegn honum. Því næst hefðu honum verið gefin ellefu fyrirmæli um að leggjast í jörðina, án árangurs, og hefði úðavopn þá verið notað aftur á hann. Þar sem mikill vindur hefði verið hefði hluti af úðanum fokið í andlit lögreglumanns nr. B. Þar sem aðilinn hefði ekki enn fylgt fyrirmælum hefði verið reynt að skerða jafnvægi hans með því að setja fót í hnésbót hans án árangurs. Því næst hefðu honum verið gefin þrenn fyrirmæli um að leggjast á magann. Þá hefði aðilinn lagst á hnén og síðan á magann. Þegar verið var að fara færa hann í handjárn hefði hann reynt að standa aftur á fætur og þá verið gefin fyrirmæli um að fara

aftur á magann án árangurs. Þá hefðu honum verið gefin fyrirmæli um að leggjast aftur á magann eða kylfa yrði notuð gegn honum. Þar sem hann fylgdi ekki þeim fyrirmælum hefði kylfa verið notuð til að gefa honum þrjú högg. Tvö hefðu farið í vinstra læri og eitt hugsanlega í síðu hans þar sem hann hefði hreyft sig rétt fyrir höggið. Síðan hefðu aðrir lögreglumenn komið til aðstoðar og fært aðilann í handjárn. Þess var getið að farið hefði verið á vettvang í Austurstræti til að leita að áráspóla, án árangurs, þar sem hann hefði verið farinn af vettvangi og því ekki vitað hver hann væri. Tilgreint var hver brotþoli var og þess getið að lögreglumenn hefðu þekkt hann vegna fyrri mála. Því var lýst að brotþoli hefði neitað að skrifa undir vettvangsskýrslu og hefði ekki viljað gangast við broti sem tilgreint var að fælist í að hafa sparkað í mann sem hann hefði verið að elta í Austurstræti.

29. Lögreglumaður nr. C ritaði svokallaða aðkomuskýrslu um samskipti sín við brotþola í svokölluðum biðklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Brotþoli hefði verið mjög æstur í fyrstu og ósáttur. Hann hefði ekki viljað fá aðstoð við að þrifa piparúða úr augunum en eftir smástund hefði lögreglumaðurinn náð að ræða við brotþola og fengið frá honum hans frásögn. Brotþoli hefði sagst hafa verið að koma út af skemmtistaðnum LÚX þegar hann hefði séð slagsmál þar fyrir framan og einnig séð þar mann sem hefði ráðist á hann fyrir fjórum árum. Brotþoli hefði sagt manninn hafa verið að kalla á sig og vilja ræða við sig og það hefði pirrað brotþola. Brotþoli hefði sagst hafa sparkað/ýtt í manninn svo hann færi og síðan séð lögregluna með piparúða og flúið því hann hefði ekki viljað verða fyrir úða. Brotþoli hefði sagst hafa stansað eftir að lögregla hefði hlaupið á eftir honum og hann farið niður á hnén og sett hendur fyrir aftan bak. Hefði hann sagt að lögreglan hefði sagt sér að leggjast á magann en hann hefði ekki viljað gera það og sagst vera rólegur og ekki hættulegur. Lögreglumaðurinn hefði þá úðað á hann og barið hann með kylfunni í bakið.
30. Lögreglumaður nr. D ritaði einnig aðkomuskýrslu um samskipti sín við brotþola sem hann hefði tekið framburðarskýrslu af í fangamóttökunni á Hverfisgötu. Þar hefði brotþoli sagst hafa séð einhverja að slást og séð mann sem hefði ráðist á hann fyrir fjórum árum. Maðurinn hefði reynt að tala við hann og þá hefði brotþoli *ýtt* við honum með fótunum. Brotþoli hefði þá séð lögreglumann hlaupa til sín með piparúða og hlaupið í burtu. Eftir stutta stund hefði hann farið niður á hnén og sýnt með látbragði að hann hefði sett hendur fyrir aftan bak. Brotþoli hefði borið um að hafa sagt við lögreglumanninn að hann væri ekki ógn og að lögreglumaðurinn ætti að handtaka sig. Brotþoli hefði borið um að þá hefði lögreglumaðurinn úðað piparúða í andlit hans og tekið upp kylfu og barið hann í vinstri síðu og vinstra læri að ástæðulausu. Hann hefði verið á hnjánum með hendur fyrir aftan bak og ekki verið ógn við lögreglumanninn. Bókað var í skýrsluna að sjá hefði mátt roða á hægri síðu brotþola en láðst hefði að taka mynd af áverkanum.

31. Unnin var upplýsingaskýrsla úr upptökum úr búkmyndavél ákærða, eyewitness-búnaði lögreglubifreiðar, eftirlitsmyndavélum á lögreglustöð og eftirlitsmyndavél Icelandair hotel. Í skýrslunni voru raktar tímasetningar einstakra atburða í tímaröð úr hverri upptöku fyrir sig. Á upptökum úr eftirlitsmyndavélum á lögreglustöðinni sést þegar komið er með brotþola í fangamóttöku laust upp úr klukkan hálfíimm og hann settur í biðklefa þar sem hann sest á bekk. Bókað er að lögreglumaður nr. C aðstoði ákærða vegna piparúðans sem úðað hafði verið í andlit hans og að tekin hafi verið niður frásögn hans af því hvað hefði gerst. Brotþoli hafi síðan verið færður í viðtalsherbergi þar sem handjárn hafi verið tekin af honum og lögreglumaður rætt við hann um ástæður handtökunnar. Um klukkan hálfsex um morguninn hafi hann fengið að fara á salerni og verið látinn laus í kjölfarið.
32. Brotþoli gaf skýrslu 29. júní 2023 á skrifstofu héraðssaksóknara í tilefni af rannsókn þess embættis á ætluðum brotum lögreglumanns gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga, einkum 132. gr. laganna. Aðdraganda þess að lögregla hafði afskipti af honum lýsti brotþoli með svipuðum hætti og fyrir en þar sem lögreglan hefði ógnað honum með piparúða hefði hann hlaupið á brott af því að hann vildi ekki fá slíkt í augun. Svo hefði hann hugsað með sér að hann hefði ekki verið að gera neitt og af hverju hann ætti að vera að hlaupa og hefði þá farið þá niður á hnén og sett hendurnar upp og sagt að það væri engin hætta af sér. Þrátt fyrir þetta hefði lögreglumaðurinn látið vaða með piparúða. Lögreglumaðurinn hefði sagt sér að leggjast alveg niður en brotþoli sagst ekkert hafa gert og þá hefði lögreglumaðurinn byrjað að lemja hann með kylfu, einu sinni í vinstri fót og síðan í bakið líka, og hefði haldið áfram að úða á hann piparúðanum. Brotþoli bar um að hafa sagt við lögreglumanninn að hann hefði ekki gert neitt og hefði ekkert með þetta mál að gera og sagt honum að láta sig í friði og vera ekki að spreypja á sig en lögreglumaðurinn hefði haldið því áfram. Hann hefði svo verið handjárnaður fyrir aftan bak en þá hefði lögreglumaðurinn verið búinn að lemja í höndina á honum. Aðspurður hefði hann borið um að hann vissi ekki hve oft lögreglumaðurinn hefði úðað á hann en það hefði verið oft. Sér hefði ekki orðið svefnsamt næstu tvær nætur og hringt á bráðamóttöku til að fá upplýsingar um hvernig hann gæti hreinsað af sér piparúðann sem hefði valdið því að sér hafi fundist hann vera að brenna. Hann hefði hins vegar ekki farið til læknis því að hann óttaðist að ef hann færi að kvarta myndi hann verða í verri stöðu gagnvart lögreglunni en hann væri í nú þegar þar sem hann ætti einhver óútkljáð mál hjá lögreglunni. Undir brotþola var borin skýrsla ákærða sem hann gerði athugasemdir við. Þar á meðal bar hann um að vita ekki hvort ákærði hefði aðvarað hann um að hann myndi nota piparúðavopnið ef hann færi ekki að fyrirmælum. Hann hefði í það minnsta ekki heyrt slík fyrirmæli og minntist þess ekki að þau hefðu verið gefin. Ákærði hefði þá þegar verið búinn að úða á brotþola og þar sem það hefði verið mjög sárt hefði hann verið öskrandi. Aðspurður hvort hann hefði hlýtt fyrirmælum ákærða sagði brotþoli að ákærði hefði ekki gefið honum mikið tækifæri til þess, hann hefði

verið búinn að spreypja á hann. Brotapoli áréttaði að hann hefði ekkert komið að deilum þeirra einstaklinga sem lentu í átökum, hann þekkti þá alla en hefði ekki átt neina aðild að deilum þeirra. Það hefði hins vegar verið búíð að spreypja á þá, sem og vin brotþola, þegar lögreglumaðurinn hefði snúið sér að honum. Hann bar um að það hefði verið ástæðan þar sem hann hefði talið að ákærði hefði ekki ætlað tala við hann heldur spreypja á hann. Ákærði hefði nálgast brotþola á þann hátt. Brotapoli gat þess að ef það væri til upptaka ætti það að sjást. Eftir að hafa horft á myndskleið af atburðum leiðrétti brotþoli að hann hefði farið strax niður á hnén eins og hann hefði minnt en hann hefði öskrað hvað eftir annað *þetta er ekki ég, ég á engan þátt í þessu, ég er rangur aðili*. Þegar kynnt var fyrir honum að ástæða handtöku hefði verið að hann hefði ekki farið eftir fyrir mælum var þess einnig getið að til rannsóknar væri hvort ákærði hefði farið offari. Brotapoli bar um að það hefði ákærði klárlega gert, hann hefði gengið of langt. Hann sjálfur hefði verið búinn að drekka tveimur bjórum of mikið og hefði ekki verið alveg skýr í hugsun. Hann hefði ekki ætlað sér að gera neitt slæmt, hvorki gagnvart lögreglunni né öðrum. Aðspurður bar hann um að hafa íhugað að kæra lögreglumanninn en ákveðið að láta það hjá líða þar sem hann ætti útistandandi mál í kerfinu hjá lögreglunni. Aðspurður hvort hann teldi að refska ætti lögreglumanninum ef hann reyndist sekur kvaðst brotþoli ekki hafa hugmynd um það hvað væri rétt að gera í svona málum og bar um að hann væri hræddur um að nafn sitt færi inn í kerfið ef hann myndi leggja fram bótakröfu. Túlkur sá sem túlkaði fyrir brotþola við skýrslutökuna skaut því inn að brotþoli væri greinilega eitthvað hræddur við yfirvöld. Er brotþoli var inntur eftir áverkum greindi hann frá því að hafa verið með mjög stórt mar á aftanverðu vinstra læri og það hefði verið rauður flekkur neðarlega á bakinu vinstra megin.

33. Tekin var skýrsla af lögreglumanni nr. B sem hljóp á eftir ákærða er hann elti brotþola og var á vettvangi við Aðalstræti 16. Hún bar um að hafa verið ökumaður á lögreglubifreið og ákærði og annar lögreglumaður hefðu einnig verið í bifreiðinni þar sem hún hefði lagt henni við Ingólfstorg fyrir enda Austurstrætis. Hinir lögreglumennirnir hefðu tekið eftir einhverjum slagsmálum fyrir utan Lúx og hlaupið til. Hún hefði slökkt á bifreiðinni og haldið á eftir þeim þannig að hún hefði komið mjög seint inn í þau slagsmál og ekki vitað hvað hefði verið í gangi, bara að það hefði verið búíð að beita úða á einhverja og einhverjir voru í handjárnnum. Svo hefði einhver hlaupið í burtu og ákærði á eftir honum og hún þá ákveðið að hlaupa með honum á eftir þeim aðila. Hún hefði verið að nálgast ákærða og tekið eftir því að hann notaði piparúðann á aðilann því hann hefði ekki hlýtt fyrir mælum. Hún hefði verið að reyna að nálgast vettvang en þá fengið piparúðann í augun og hefði eftir það orðið svolítið blind. Hún hefði reynt að kalla eftir aðstoð og verið að reyna einhvern veginn að opna augun inni á milli en ekki séð alveg 100% hvað hefði verið í gangi en einhvern veginn hefði brotþoli verið kominn í jörðina eða á hnén, minnti hana, þannig að hún hefði bara farið hinum

megin á móti ákærða til að koma brotþola betur niður. Hún hefði samt ekki vitað hvað var í gangi, ákærði hefði bara verið að reyna að koma brotþola niður. Síðan hefði skjótt borið að aðstoð sem hafi tekið við af henni og hún þá getað jafnað sig betur. Hún hefði heyrt af notkun á kylfu en hún myndi ekki eftir því hvort hún hefði heyrt eða tekið eftir því að ákærði væri að nota hana. Nánar aðspurð hvort hún hefði ekki séð það sem var að gerast í kringum hana neitaði hún því, svo hefði bara engan veginn verið. Aðspurð greindi hún frá því að sér hefði ekki verið kunnugt um hvers vegna ákærði var að handtaka brotþola en sér hefði dottið í hug að hann hefði átt þátt í þeim blóðugu slagsmálum sem voru í gangi og þetta hefði ekki litið vel út. Síðan hefði hún elt ákærða til að veita honum liðsinni þannig að hann væri ekki einn á móti brotþola. Hún bar um að þegar hún hefði tekið í höndina á brotþola hefði hún fundið að hann hefði verið búinn að gefast upp, hann hefði ekki verið að berjast á móti þeim þegar hún tók í höndina. Hún hefði ekkert séð en fundið að hann væri ekki að berjast mikið á móti. Hún bar um að brotþoli hefði staðið kyrr og snúið að ákærða þegar hann úðaði á brotþola og þá hefði hún fengið gusuna yfir sig þar sem úðinn hefði fokið á hana því að hún hefði verið rangt staðsett fyrir aftan ákærða. Þegar henni var kynnt að brotþoli hefði borið um að hafa mörgum sinnum orðið fyrir piparúða sagðist hún hafa verið hætt að heyra og þæla í því hvað hefði verið í gangi þar sem þetta hefði verið svo vont. Borið var undir hana hvort hún hefði talið nauðsynlegt að nota piparúða á brotþola til að yfirbuga hann og sagðist hún ekki vita nákvæmlega hvernig ákærði hefði upplifað aðstæður en ef honum hefði staðið ógn af brotþola skildi hún alveg að hann hefði notað piparúðann, eins og þau væru þjálfuð til að gera ef upplifunin væri sú að vera ekki í góðum aðstæðum og nauðsynlegt væri að yfirbuga einstakling eða tryggja hann. Hún hefði á hinn bóginn ekki upplifað að brotþoli hefði barist á móti en hún hefði ekki vitað hvort þetta gengi erfiðlega þar sem hún hefði ekki séð neitt. Af þeim sökum hefði hún ekki séð ákærða nota kylfu á brotþola.

34. Ákærði gaf skýrslu við rannsókn málsins hjá embætti héraðssaksóknara. Þar greindi hann frá því að þau lögreglumennirnir hefðu verið að sinna máli inni í lögreglubíl í endanum á Austurstræti þegar kallað var að það væru slagsmál fyrir framan Lúx í Austurstræti. Þau hefðu farið út úr bílnum og hlaupið þangað. Þar hefðu þau séð einhverja tvo í slagsmálum sem þau hefðu aðskilið. Þegar hann hefði verið að handtaka annan þeirra hefði hann litið upp og séð brotþola sparka í liggjandi mann. Þegar hann hefði ætlað hafa tal af brotþola og sagt honum að koma til sín hefði brotþoli hlaupið í burtu. Ákærði hefði veitt honum eftirför og gefið brotþola ítrekuð fyrirmæli um að stansa bæði á ensku og íslensku. Hann hefði stansað í endanum á Aðalstræti. Ákærði hefði vitað að brotþoli ætti einhver mál en ekki munað hvernig mál það væru og því ekki viljað fara of nálægt. Brotþola hefði verið hótad með gasinu en ákærði hefði líka áttað sig á að hann væri með lögreglumann nr. B með sér, sem hann hefði verið ánægður með. Brotþola hefði verið ítrekað skipað að fara í jörðina, leggjast á magann, sem hann hefði ekki gert þannig að

það hefði verið úðað um það bil tvisvar eða þrisvar. Brotapola hefðu aftur verið gefin fyrirsmæli um að leggjast á magann sem hann hefði ekki fylgt. Þá hefði ákærði tekið eftir því að lögreglukonan sem var með honum hefði fengið piparúða í augun, væntanlega út af vindinum þar sem það hefði verið hvasst. Af þeim sökum hefði hún verið hálfblind. Ákærði hefði haldið áfram að segja brotapola að leggjast á magann en hann hefði farið að ganga þarna um og segja eitthvað á erlendri tungu sem ákærði hefði ekki skilið. Ákærði hefði ítrekað fyrirsmæli sín margofter þannig að hann hefði úðað á brotapola á að giska einu sinni eða tvisvar í viðbót. Síðan hefði hann hinkrað um stund og þá hefði brotapoli lagst niður en þegar lögreglumaður nr. B hefði ætlað að fara að handjárnna hann hefði hann farið á ný upp á fjóra fætur og þá hefði ákærði reynt að grípa í hann til að fá hann niður aftur og enn verið að gefa honum fyrirsmæli um að leggjast á magann en þegar það hefði gengið brösuglega hefði hann sagt við brotapola að hann myndi slá hann með kylfunni ef hann legðist ekki niður. Þegar hann hefði ekki gert það hefði hann slegið brotapola nokkrum sinnum. Þegar hann hefði tekið eftir því að lögreglubíll væri kominn á vettvang hefði hann bakkað frá og þeir lögmenn sett brotapola í handjárn. Ákærði hefði haldið inn í Austurstræti til að finna þann sem brotapoli hefði sparkað í en sá hefði verið farinn af vettvangi. Á lögreglustöðinni hefði komið í ljós að brotapoli tengdist þeim átökum ekki neitt sem lögregla hafði afskipti af í Austurstræti.

35. Aðspurður um ástæðu þess að ákærði ætlaði að handtaka brotapola greindi hann frá því að það hefði verið sökum þess að hann hefði horft á brotapola sparka í hálfleggjandi mann. Það hefði verið meginástæða þess að hann hefði ætlað að tala við hann en svo hefði hann byrjað að hlaupa. Er ákærði var inntur eftir því hver hefði tekið við handtökunni sem hann hefði verið að framkvæma greindi hann frá því að dyravörður hefði aðstoðað hinn lögreglumanninn sem hefði verið á vettvangi.
36. Þegar ákærði var spurður hvort hann hefði ekki geta handtekið brotapola þegar hann stansaði sagðist ákærði ekki hafa vitað nákvæmlega hver þetta væri en hann hefði hlaupið burt þannig að hann hefði bara ætlað að ógna honum með piparúðavopninu fyrst. Þar sem brotapoli hefði ekki fylgt fyrirsmælum, hlaupið á brott og verið búinn að sparka í einhvern hefði ákærði ekki ætlað að hætta á að fara einn í handtökuna þar sem hann hefði tekið eftir að lögreglukonan sem var með honum hefði fengið piparúða í augun, væntanlega út af rokinu. Eftir að hafa svarað því að hann hefði talið sig hafa úðað á brotapola þrisvar fjórum sinnum, fyrst tvisvar í byrjun og svo aftur þar sem það tæki stundum dálítinn tíma að virka svaraði hann því til að hann hefði talið sig hafa beitt meðalhófi við þessa handtöku. Annað hefði ekki verið hægt að gera í þessari stöðu. Aðspurður hvers vegna hann hefði ekki handjárnnað brotapola þegar hann stóð með hendur fyrir aftan bak svaraði ákærði því til að hann hefði horft til þess að brotapoli hefði verið búinn að hlaupa á brott og sparka í liggjandi mann þannig að hann hefði ekki ætlað að taka áhættu með eigið öryggi í huga þar sem auðvelt væri að kýla frá sér við slíkar

aðstæður. Kennt væri í skólanum að fá menn alla leið niður á magann og sér hefði verið efst í huga að tryggja öryggi, meðal annars með tilliti til þess að lögreglukonan sem með honum var hefði fengið á sig úða.

37. Ákærði kannaðist við að hafa úðað á þá tvo sem voru í átökum í Austurstræti og taldi að lögreglumaðurinn sem með honum var hefði einnig beitt úðavopni á þá. Vopninu hefði ekki verið beitt gegn neinum öðrum í Austurstræti svo hann vissi til.
38. Undir ákærða voru borin fyrirliggjandi myndskleið. Hvað atburðinn snerti er laut að sparki brotþola bar ákærði um að hafa ekki séð manninn detta og að hann hefði verið á fjórum fótum. Þegar sýnd var upptaka úr eyewitness-búnaði lögreglubifreiðar sem bar að á vettvangi við Aðalstræti 16 greindi ákærði frá því að hann hefði ekki séð bifreiðina koma. Þegar ákærða var sýnd upptaka út portinu þar og borið undir hann hvort hann hefði talið þetta nauðsynlegt sagði hann að við þessar kringumstæður hefði það verið.
39. Aðspurður hvort þetta hefði verið eftir öllum þeim reglugerðum sem lögregla ynni eftir sagði ákærði svo vera. Kynnt var að í reglum um valdbeitningu segði að lögreglu væri einungis heimilt að nota úðavopn þegar vægari aðferðir dygðu ekki til við að yfirbuga mótþróa manns við handtöku. Ákærði var inntur eftir því hvort honum hefði fundist þetta vera nauðsynlegt og þá hvort brotþoli hefði verið með einhvern mótþróa og bar hann um að brotþoli hefði ekki viljað fylgja fyrirmælum og farið að veifa höndum. Brotþoli hefði verið búinn að sparka og því hefði hann notað úðavopnið til að byrja með til að tryggja öryggi sitt og þess sem var með honum, auk þess að hann hafi ekki ætlað að fara í einhver slagsmál þar sem hann hefði hugsanlega getað meitt sig. Brotþoli hefði verið stærrí og meiri að líkamsburðum en hann. Vægari úrræði en úðavopnið hefðu ekki dugað til í þessu tilfelli.
40. Kynnt var fyrir ákærða að brotþoli hefði borið um að hafa talið að lögreglumaðurinn hefði í hyggju að úða á sig frekar en annað þar sem hann hefði haft úðabrusann uppi og verið búinn að úða á eitthvert fólk. Ákærði svaraði því til að það hefði hann ekki gert.
41. Ákærði samsinnti þegar hann var inntur eftir því hvort hann hefði talið nauðsynlegt að handtaka brotþola og er hann var spurður hvort það viðhorf hefði breyst við að horfa á myndskleiðin taldi hann svo ekki vera miðað við kringumstæðurnar akkúrat á þessum tímapunkti. Það hefði náttúrlega verið leiðinlegt að *gaurinn* sem brotþoli hefði veist að hefði verið farinn en það hefði auðvitað ekki verið hægt að vita fyrirfram. Á þessum tímapunkti hefði hann ekki vitað það. Hann hefði ekki staðið í þessu ef hann hefði vitað að aðilinn væri bara farinn. Jafnframt tók ákærði undir að spark brotþola í áttina að aðilanum hefði ekki verið í hann liggjandi og þetta hefði ekki verið eins mikið og það hefði litið út fyrir að vera á þeim tíma.
42. Aðspurður hvort það að maður vildi ekki leggjast væri nægjanlegt til að beita úðavopni bar ákærði um að þau hefðu lært það í skólanum að fá aðila alla leið niður áður en handtaka færi fram. Ákærði kannaðist við það að fólk væri handtekið standandi en hann

hefði ekki viljað setja sig í hættu þar sem brotaþoli verið stærri en hann. Hann hafi einnig þekkt til brotaþola og vitað að hann ætti einhver líkamsárásarmál sem hann kunni kynni þó ekki að nefna. Hann hefði bara ætlað að fara öruggu leiðina þannig að brotaþoli myndi ekki særa hann eða þá sem var með honum.

43. Aðspurður um það hvort ekki hefði mátt bakka aðeins frá og bíða eftir aðstoð og hvort hann hefði ekki haft upplýsingar um að það væri hjálp á leiðinni bar ákærði um að hafa vitað það en ekkert vitað hvar sú hjálp væri eða hvenær hún bærisk. Hann bar um það aðspurður að hann hefði upplifað sig einan þarna þar sem úði hefði lent í augum samstarfskonu hans. Þau hefðu verið tvö í verkinu áður en það gerðist. Hann hefði mestmegnis verið einn; eins og hún hefði sjálf sagt hefði hún verið eins og illa gerður hlutur eftir úðann.
44. Að síðustu gat ákærði þess að ef hann hefði haft allar upplýsingar þegar hann hefði farið á eftir brotaþola hefði hann ekki gert það, en það eina sem hann hefði séð hefði verið þegar brotaþoli sparkaði og það hefði litið þannig út að hann hefði sparkað í manninn einhvers staðar. Hann hefði ekki farið á eftir honum ef hann hefði haft allar upplýsingarnar á þeim tímapunkti en það væri náttúrlega sjaldnast þannig.

Skýrslur fyrir dómi

45. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi og rakti það að hann hefði verið að ljúka námi sem lögreglumaður er atvik máls áttu sér stað. Hann hefði útskrifast í júní 2023 en greindi frá því að hafa starfað í tvö ár í lögreglunni.
46. Ákærði lýsti tildrögum að þeim handtökum sem fram fóru í Austurstræti með sambærilegum hætti og við rannsókn héraðssaksóknara en tók fram að hann hefði nýtt piparúðavopnið á einn mann í þeim átökum sem kollegi hans hefði svo handtekið. Þá gat hann þess að hafa þekkt dyravörðinn sem liðsinnti honum við að handjárnna þann einstakling sem hann hafði í tökum.
47. Hvað brotaþola snerti hefði hann veitt því athygli er hann sparkaði í manninn og vildi því hafa tal af honum. Hann hefði verið með úðavopn í hægri hendi sem hann hefði notað til að gefa brotaþola bendingu um að koma til sín en hann hefði ekki ætlað að nota það gagnvart honum. Þegar hann hefði áttað sig á því að hann hefði verið að gefa brotaþola bendingu með úðavopnið í hendi hefði hann sett hægri handlegg niður og nýtt þann vinstri til að gefa brotaþola bendingar. En þrátt fyrir fyrirmæli ákærða hefði brotaþoli tekið á rás og engu gegnt þegar ákærði hefði kallað á hann að stansa, allt að suðurenda Aðalstrætis þar sem hann hefði stansað. Þar hefði hann gefið brotaþola ítrekuð fyrirmæli á íslensku og ensku um að leggjast á magann en þegar hann hefði ekki hlýtt þeim fyrirmælum hefði hann beitt úðavopninu vegna óhlýðni brotaþola. Er hann hefði verið búinn að nota það hefði hann orðið var við að lögreglumaður nr. B væri einnig komin á vettvang. Aðspurður um framferði brotaþola bar ákærði um að hann hefði ekki hlýtt

fyrirmælum sínum en brotþoli hefði þó ekki ráðist á hann eða þess háttar, og fram kom að honum hefði ekki verið kunnugt um hvort brotþoli væri undir áhrifum. Þar sem sterk sunnanátt hefði verið hefði piparúði fokið í augu lögreglumanns nr. B er ákærði úðaði á brotþola öðru sinni þannig hún hefði lítið getað beitt sér eftir það. Ákærði bar um að það hefði verið leikaraskapur af hálfu brotþola að snúa baki í hann og setja hendur fyrir aftan bak og segja *arrest me*. Ákærði hefði allt eins átt von á illu í kjölfar þess og bar um það að kennt væri að lögregla ætti að sjá til þess að sá sem beittur hefði verið piparúða myndi leggjast niður á magann svo hægt væri að handjárna hann. Þar sem brotþoli hefði ekki gert það hefði hann beitt piparúðanum í annað sinn. Ákærði staðhæfði að hann hefði ekki notað úðann oft en tvisvar og neitaði því afdráttarlaust að hafa beitt honum oft er ákæruvaldið bar undir hann að svo virtist af ósjálfráðum viðbrögðum brotþola og látbragði að dæma þar sem hann stóð við timburstiga í portinu við Aðalstræti 16 að hann hefði orðið fyrir piparúða þar. Ákærði bar um að þar sem brotþoli hefði enn verið *aggressívur* í háttum hefði hann spyrnt í hnésbót hans á vinstra fæti til að raska jafnvægi hans og bar um það væri kennt að ýta í hnésbætur mann sem verið væri að fella sem lögreglumaður hefði þá í tókum en athöfn sem þessa, að spyrna í hnésbætur manns, gæti hann ekki staðhæft að hefði verið kennd. Hann hefði svo nýtt kylfuna eftir að hafa margítrekað gefið brotþola fyrirmæli um að leggjast á magann og eftir að hafa aðvarað hann einu sinni um að ella myndi kylfu verða beitt. Hann hefði slegið brotþola þrjú eða fjögur högg.

48. Aðspurður byggði ákærði á því að hann hefði beitt því meðalhófi sem áskilið væri í 11. gr. um notkun úðavopna og 16. gr. um notkun kylfu í reglum nr. 1740/2022 um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Hann hefði upplifað sig einan eftir að lögreglumaður nr. B hefði fengið piparúðann í augun og það hefði þurft að klára handtökuna en sér hefði verið ókunnugt um hversu löng bið væri eftir liðsauka. Hann hefði þurft að viðhafa þessa valdbeitingu þar sem brotþoli hefði bæði verið stærri og meiri um sig en hann sjálfur, og staðfesti hann framburð sinn úr skýrslutöku um að hann hefði ekki viljað taka áhættuna á því að meiða sig. Hann hefði kannast við brotþola úr öðrum málum og nefndi sérstaklega að hann hefði verið staddur á stað þar sem lögregla hefði ráðist í húsleit. Þegar hann var spurður hvers vegna hann og lögreglumaður nr. B hefðu ekki gert tilraun til að handtaka brotþola með hefðbundnum hætti tók hann fram að hann hefði aldrei áður lent í svona aðstæðum í starfinu og komst svo að orði að hann hefði *ógeðslega stressaður og í ruglinu*.
49. Brotþoli gaf skýrslu fyrir dómi og bar á svipaðan veg og fyrir héraðssaksóknara nema að frásögn hans var verulega ómarkvissari en fyrr. Hann bar um að hann hefði verið illa fyrirkallaður þegar þessi atvik áttu sér stað þar sem hann hefði verið að koma erlendis frá þá um kvöldið og því verið þreyttur. Hann staðhæfði á hinn bóginn að hann hefði verið allsgáður. Hann hefði hlaupið af því að hann hefði talið að ákærði hefði haft í

hyggju að beita piparúðavopninu gegn honum þar sem ákærði hefði beint því að honum. Hann hefði svo hætt að hlaupa þar sem hann hefði ekki gert neitt af sér og stansað en þá hefði ákærði beitt piparúðavopninu gegn honum þrátt fyrir að hann hefði beðið hann um að láta það vera og sagt að hann væri ekki hættulegur og sagt að hann gæti handtekið sig. Ákærði hefði í staðinn beitt piparúðavopninu ítrekað en brotþoli gat ekki nefnt hve oft heldur sagði það hafa verið margoft og að ákærði hefði tæmt vopnið. Svo hefði hann sjálfur líka öskrað vegna þessara aðfara. Hann hefði hlýtt þegar hann áttaði sig á fyrirmælum ákærða og lögreglumanns nr. B en ákærði hefði þá barið hann með kylfunni. Hann hefði verið mjög stressaður í þessum kringumstæðum og liðið illa.

50. Aðspurður sagðist hann síðan hafa ákveðið að láta þetta kyrrt liggja og kæra ekki þar sem hann hefði talið að enginn myndi trúá sér þar sem hann væri frá Albaníu.
51. Lögreglumaður nr. B gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hún hefði verið seinni á vettvang en ákærði og þriðji lögreglumaðurinn þar sem hún hefði verið að ganga frá lögreglubifreiðinni og hefði ekki vitað hvað væri í gangi er hana bar að en hefði ákveðið að hlaupa með ákærða þegar hann tók á sprett á eftir brotþola og hefði komið að nokkrum andartökum eftir að brotþoli hefði hætt hlaupum sínum. Hún hefði hins vegar nánast strax fengið piparúða í augun en það hafi þau áhrif að sá sem fyrir verður hálfslamast fyrst á eftir og eigi mjög erfitt með að sjá í kringum sig og halda augunum opnum. Af þessum sökum hefði hún séð atburði mjög ógreinilega og hversu oft ákærði beitti piparúðavopninu auk þess sem hún hefði ekki séð þegar ákærði sló brotþola með kylfu.
52. Aðspurð um það hvort unnt hefði verið að beita hefðbundnum aðferðum við handtöku brotþola bar hún um að meta yrði aðstæður í hverju tilviki þegar ákveðið væri hvaða aðferðum skyldi beitt. Hún greindi frá því að hafa starfað í lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu síðan 2021 og vera útskrifaður lögreglumaður frá árinu 2022 og svaraði því til að hún hefði á sínum starfsferli aldrei notað piparúðavopn.
53. Lögreglumenn nr. C og nr. D staðfestu báðir svokallaðar aðkomuskýrslur sem lutu að samskiptum þeirra við brotþola á lögreglustöðinni við Hverfisgötu, sbr. efnisgreinar nr. 27 og 28 hér að framan, og höfðu litlu við þær að bæta.

Niðurstaða

54. Fyrir liggur upplýst að ástæða afskipta ákærða af brotþola á rót sína að rekja til þess að brotþoli veittist að manni á miðju Austurstræti fyrir utan veitingastaðinn Shalimar og spyrinti í áttina að þeim manni eða í hann þar sem hann var að spretta á fætur eftir að hafa runnið og dottið á flóttu undan brotþola. Maðurinn var á milli brotþola og ákærða er þetta gerðist þannig að eðlilegt sýnist hafa verið af sjónarhóli ákærða að gruna brotþola um líkamsárás sem hefði falist í að ráðast með sparki í háfliggjandi mann. Þótt brotþoli hafi staðhæft fyrir dómi að hann hefði verið allsgáður þetta kvöld verður að horfa til þess

að öll framganga hans gagnvart nefndum manni á undangengnum mínútum sýnist bera þess öll merki að brotþoli hafi verið verulega ölvaður eins og hann bar um fyrir lögreglu. Þar kvaðst hann ekki hafa verið alveg skýr í hugsun þar sem hann hefði verið búinn að drekka tveimur bjórum of mikið. Það sama má heyra samferðamann brotþola segja lögreglumönnum á vettvangi handtöku brotþola.

55. Af hálfu ákærvaldsins er lagt til grundvallar með vísan til þessa að ákærði hafi réttilega haft afskipti af brotþola og eins að tilefni hafi verið til að handtaka hann. Á það verður fallist af hálfu dómsins að fullt tilefni hafi verið til aðgerða ákærða og að handtaka brotþola í það minnsta um skamma hríð er hann tók á rás og gegndi seint fyrir mælum um að stansa svo lögreglu gæfist svigrúm til að gaumgæfa málsatvik, til dæmis hvort þessi atlega brotþola tengdist þeim átökum sem brotist höfðu út í Austurstræti fáum andartökum fyrr.
56. Samkvæmt fyrirbyggjandi myndefni verður á hinn bóginn ekki séð að framburður ákærða standist í öllum atriðum hvað varðar nánasta aðdraganda eftirfarar ákærða á eftir brotþola. Þannig verður ekki séð að sá framburður standist að hann hefði enn verið með úðavopnið í höndum eftir beitingu þess áður. Þvert á móti tekur ákærði piparúðavopnið sérstaklega til handargagns er hann leggur af stað í áttina að brotþola og beinir því að honum. Þetta sést í eftirlitsmyndavélum auk þess sem ákærði hafði hendur fullar við að handjárnna sakborning vegna slagsmálanna rétt hjá Lúx og sjást hendur hans í búkmyndavélinni á því augnabliki án vopnsins. Ákærði hafði áður beint úðavopninu að brotþola þannig að ályktun brotþola um að nú ætti að beita því gegn honum var ekki fjarstæðukennd og það leiddi til þess að hann hljóp af stað.
57. Brotþola virðist síðan strax í öndverðu hafa verið mjög umhugað um að ákærði myndi ekki beita piparúðavopninu gegn sér þegar hann stansaði. Hann margendurtók þá ósk að ákærði myndi ekki beita vopninu gegn sér.
58. Þrátt fyrir að brotþoli hafi ekki verið að nálgast ákærða eða haft í frammi neina ógnandi háttsemi svo séð veðri beitir ákærði úðavopninu á brotþola um það bil sex sekúndum eftir að þeir mætast en á þeirri stuttu stundu kom fram að brotþoli var mæltur á enska tungu og skildi ekki fyrir mæli ákærða sem voru í fyrstu á íslensku þannig að ráðrúm brotþola til að bregðast við ítrekuðum fyrir mælum þegar ákærði hrópaði þau að honum á ensku var nánast ekkert áður en ákærði beitti úðavopninu og sprautaði í augu brotþola.
59. Í kjölfarið sýnir brotþoli engin merki um að ætla að veitast að ákærða né verður framganga hans talin á nokkurn hátt ógnandi. Þvert á móti beinir hann þeirri ósk að ákærða að hann handtaki sig, snýr baki í hann og krossleggur úlnliði sína. Við þær aðstæður sprautaði ákærði efninu öðru sinni í augu brotþola átta sekúndum eftir að hann beitti vopninu í fyrsta skiptið. Á því tímamarki naut ákærði fulltingis lögreglumanns nr. B og honum var það ljóst miðað við framburð hans fyrir dómi og við rannsókn málsins. Hún varð fyrir því að fá hluta af úðanum í augun í greint sinn.

60. Lögreglumaður nr. B lýsti því fyrir dómi hvernig væri að fá efni þetta í augun. Áhrifum þess lýsti hún svo að hún hefði háflamast og hefði átt mjög erfitt með að opna augun og beita sér í kjölfarið. Á þeirri stundu var brotaþoli búinn að fá efnið tvisvar í augun á 14 sekúndna tímabili og eru engar forsendur til að álíta að efnið hafi farið betur í hann, enda ber líkamstjáning hans mikilli vanlíðan vitni eins og hún kemur fyrir sjónir á myndskreiði úr búkmyndavél ákærða.
61. Verður ekki annað séð en að ákærði hafi farið þar offari í handtöku á manni sem engan mótþróa eða mótspyrnu sýndi. Þar sem þau hefðu getað staðið tvö að handtöku brotaþola verður ekki talið að óhjákvæmilegt hafi verið að framkvæma hana með því að láta hann leggjast á magann á blauta götuna. Ekki verður séð að ótti ákærða við brotaþola hafi átt við rök að styðjast.
62. Ákærði staðhæfði fyrir dómi að hann hefði einvörðungu beitt úðavopninu gegn brotaþola tvisvar sinnum. Sá framburður er ekki í samræmi við framburð hans fyrir héraðssaksóknara er hann bar um að hafa beitt úðavopninu tvisvar til þrisvar áður en hann veitti því athygli að lögreglumaður nr. B hefði fengið piparúða í augun og beitt vopninu svo gegn brotaþola einu sinni eða tvisvar eftir það. Sem sagt þrisvar til fimm sinnum samkvæmt þeim framburði. Þegar horft er á viðbrögð brotaþola á fyrirliggjandi myndskreiðum þar sem höfuð hans kippist ítrekað ósjálfrátt til þegar ákærði sést munda úðavopnið gegn honum verður sú ályktun dregin að framburður ákærða hjá lögreglu sé nær sanni og að framburður hans fyrir dómi samrýmist ekki sakargögnum. Á þessum grunni verður því slegið föstu að ákærði hafi beitt vopninu gegn brotaþola að minnsta kosti þrisvar sinnum. Ekki verður séð að ákærða hafi stafað nokkur ógn af brotaþola þótt sá síðarnefndi hafi tvinnað saman blótsyrði og verið í augljósu uppnámi yfir framferði ákærða og liðið líkamlega illa, en þess er að vænta að piparúðinn hafi ekki farið betur í brotaþola en lögreglumann nr. B, enda virðist hann hafa fengið margfaldan skammt af úðanum.
63. Í lögreglulögum nr. 90/1996 er kveðið á um heimild lögreglumanna til valdbeitingar í 1. málslíð 14. gr. laganna. Í 2. málslíð 14. gr. er kveðið á um að sú heimild takmarkist við að þeim sé ekki heimilt að ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni. Í 3. málslíð 2. mgr. 13. gr. er meðal annars kveðið á um að handhafar lögregluvalds megi ekki beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum.
64. Um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna gilda einnig reglur nr. 1740/2022 sem settar voru af dómismálaráðherra 30. desember 2022 á grundvelli heimildar í 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Í þeirri grein eru vopn, tæki og efni sem skilgreind eru í lögnum utan gildissviðs laganna sem meðal annars eru í eigu lögreglu. Í 1. gr. reglna nr. 1740/2022 er kveðið á um að ekki skuli grípa til valdbeitingar nema nauðsyn krefji og að stig valdbeitingar skuli vera í samræmi við

aðstæður hverju sinni. Sérstaklega er tekið fram að ávallt skuli gæta meðalhófs við valdbeitingu. Í 7. gr. reglnanna er vopn skilgreind og segir þar um úðavopn að það séu úðabrúsar sem innihaldi táragas og séu ætlaðir til að yfirbuga einstakling í návígi. Í 11. gr. er svo kveðið á um notkun úðavopna þannig að lögreglu sé einungis heimilt að nota úðavopn þegar vægari aðferðir dugi ekki til við að yfirbuga mótþróa einstaklings við handtöku. Þá sé ávallt heimilt að nota úðavopn ef heimilt væri að nota kylfu eða rafvarnarvopn.

65. Í skýringum við 1. gr. reglna nr. 1740/2022 er meðal annars kveðið á um að ávallt verði að hafa í huga að samræmi verði að vera á milli aðstæðna og þeirrar valdbeitingar sem lögreglumenn grípi til. Valdbeitingin verði að vera nauðsynleg og réttlæt看leg. Í skýringum við 11. gr. er svo tekið fram að beiting úðavopns teljist vægari aðferð en beiting kylfu en ávallt þurfi þó að hafa í huga að lögreglumenn verði að geta rökstutt beitingu úðavopna og ljóst þurfi að vera að önnur vægari úrræði dugi ekki. Sérstaklega er tekið fram að það taki efnið eina til þrjátíu sekúndur að hafa áhrif. Loks er rakið um 13. gr. að sá sem beittur sé úðavopni fái sviða í augu og húð og ónot í öndunarfæri þannig að varnir hans og geta til árásar sé minni meðan áhrifin vari.
66. Þegar atvik máls þessa eru gaumgæfð, en þau eru að mestu upplýst með fyrirbyggjandi myndskeldum, verður því slegið föstu að beiting ákærða á úðavopni gagnvart brotþola hafi verið langt umfram tilefni. Þannig verður ekki séð að nokkurt tilefni hafi verið til að nota vopnið nánast fyrirvaralaust sex sekúndum eftir að þeir hittust og svo ítrekað á næstu einni og hálfri mínútu án þess að athafnir brotþola hafi gefið tilefni til. Áréttu verður að brotþola hafði í raun ekki gefist tækifæri til að óhlýðnast fyrirmælum ákærða þegar hann beitti úðavopninu á brotþola í fyrsta sinn og það seintæti sem hann svo sýndi eftir það við að hlýða þeim fyrirmælum að leggjast á jörðina hafi ekki verið af því tagi að réttlætt hafi að margbeita úðavopninu gegn honum með augljósum afleiðingum á líðan brotþola. Verður það því talið hafið yfir vafa að ákærði hafi farið offari gagnvart brotþola er hann hagnýtti nefnt vopn við handtöku hans í andstöðu við 132. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
67. Í annan stað er ákærði ákærður fyrir að hafa sparkað í hnésbót vinstri fótleggs brotþola. Spark þetta sést á myndskeldum og miðað við það sem fyrir augu ber verður athöfn ákærða ekki lýst á annan hátt en sem sparki. Þótt ekki hafi verið fast sparkað leynir sér ekki að verknaðurinn er af því tagi enda þrætti ákærði tæplega fyrir það í framburði sínum fyrir dómi. Á það verður ekki fallist að það að koma aðvífandi að manni aftan frá og lyfta fæti sínum og spyrna í hnésbót fótleggs viðkomandi geti talist að ýtt sé á fótlegginn.
68. Ákærði byggði á því að með þessu sparki hefði hann ætlað að raska jafnvægi brotþola, væntanlega í þeim tilgangi að hann myndi detta. Aðspurður gat hann ekki staðhæft að hafa verið kennd aðferð af þessu tagi en sú aðgerð sem hann lýsti þar sem þrýst væri í hnésbætur er allt annars eðlis eftir því sem næst verður komist. Verður því lagt til

grundvallar að með öllu sé ósannað að aðferð þessi sé kennd eða tíðkist meðal lögreglumanna enda sýnist aðgerð ákærða geta verið býsna háskaleg, að koma manni að óvörum með sparki aftan frá með það að markmiði að hann detti. Verður þessi þáttur í háttsemi ákærða felldur undir líkamsárás í skilningi 217. gr. almennra hegningarlaga.

69. Loks liggur fyrir upplýst með myndskaiðum úr búkmyndavél ákærða og eftirlitsmyndavél á húsinu að Aðalstræti 16 að ákærði greiddi brotaþola fjögur högg með lögreglukylfu. Það gerði ákærði að sögn þar sem brotaþoli hafði þráast við að liggja kyrr á maganum á meðan hann og lögreglumaður nr. B settu á hann handjárn. Fyrir liggur að brotaþoli lagðist eftir að ákærði var búinn að beita úðavopninu ítrekað á hann en lá ekki kyrr þegar til átti að taka og lögreglumennirnir ætluðu að koma á hann handjárnnum en handtök þeirra við það verk sýnast hafa verið fjarri því að vera fumlaus. Lögreglumaður nr. B sýnist á myndskaiðum hafa átt í verulegum vandræðum vegna piparúðans sem hún hafði fengið í augun þannig að hún er hikandi í sínum aðgerðum en ákærði virðist vera æstur og eiga erfitt með að hemja sig og ákveður til að mynda í miðju kafi er kollegi hans hefur hönd á brotaþola að klæða sig í hanska í stað þess að leggja henni lið við að hafa ákærða undir. Ákærði heldur áfram að margítreka fyrirmæli til brotaþola sem liggur á fjórum fótum og lætur á móti fúkyrðaflauminn dynja á ákærða þannig að hvor um sig hefur vart móttakið hvað hinn var að segja. Í þessum aðstæðum hávaða og ómarkvissra vinnubragða bætir ákærði við fyrirmæli sín í eitt skipti á ensku *or I will use the bat* og án frekari fyrirvara dregur hann sundur kylfu sína og lætur fjögur högg dynja á brotaþola hvert á fætur öðru. Hann er vart búinn að slá síðasta höggið þegar tvo aðra lögreglumenn drífur að sem grípa fumlaust inn í atburðarásina, koma brotaþola á magann og setja á hann handjárn.
70. Lögreglumenn þessir komu akandi á lögreglubifreið sem ekið var norður Suðurgötu en þaðan sem ákærði var að athafna sig er bein óhindruð sjónlína út á götuna. Áður en ákærði slær brotaþola réttir hann úr sér samkvæmt því sem sjá má í eftirlitsmyndavélinni í Aðalstræti 16 og lítur í áttina að Suðurgötu og nánast á sama augnabliki lýsa framljós lögreglubifreiðarinnar upp vettvanginn eitt andartak þegar bifreiðinni er ekið upp á gangstétt. Í búkmyndavél ákærða sést lögreglubíllinn koma akandi er ákærði réttir úr sér, eins og áður gat. Þrátt fyrir það sem sjá má á myndskaiðum þessum hefur ákærði byggt á því að sér hafi verið ókunnugt um hvenær liðsauka væri að vænta og ekki séð lögreglubíllinn því hefði hann ekki haft önnur ráð en að slá brotaþola með kylfunni. Það hafi verið málefnalegt og í samræmi við meðalhóf eins og á hafi staðið.
71. Í 16. gr. reglna nr. 1740/2020 er kveðið á um notkun kylfu og segir í 1. málslíð 1. mgr. greinarinnar að þegar aðrar vægari aðferðir dugi ekki til sé lögreglu heimilt að nota kylfu. Sú heimild er síðan einskorðuð við fimm tilvik sem talin eru upp í jafnmörgum stafliðum, a) til að afstýra árás á lögreglumann eða þriðja aðila b) til að handtaka hættulegan brotamann, c) þegar einhver reynir að koma í veg fyrir handtöku eða reynir að frelsa

handtekinn einstakling. d) þegar einhver reynir að hindra lögreglu við störf sín. e) til að knýja fram hlýðni við skipun sem ekki er fylgt, enda sé nauðsynlegt að henni sé framfylgt tafarlaust. Í athugasemdum við 16. gr. í skýringum við reglurnar er tekið fram að lögreglumönnum sé heimilt að beita kylfu í neyðarvörn eða til að yfirbuga mótþróa hættulegs brotamanns sem handtaka skuli ef ekki er hægt að framkvæma handtökuna með öðrum og vægari aðferðum. Tekið er sem dæmi um e-lið fyrir mæli lögreglu til mannfjölda um að dreifa sér.

72. Þegar horft er til málsatvika, að ákærði var að eiga við einn drukkinn einstakling sem oft var búíð að úða piparúða á, sem lagstur var á fjórar fætur og hafði á engu tímamarki veitt raunverulega mótspyrnu gegn handtöku eða ógnað lögreglumönnum sem voru á vettvangi, verður ekki séð að skilyrðum 16. gr. hafi verið fullnægt. Verður í raun ekki dregin önnur ályktun af framgöngu ákærða á þessari stundu að hann hafi verið búinn að missa alla stjórn á aðstæðum og talið sig langt umfram tilefni vera knúinn til að beita brotþola því harðræði sem hann gerði með ofnotkun á varnarúða, sparka í hann og með því að berja hann ítrekað með lögreglukylfunni. Raunar virðist fátið hafa verið orðið slíkt að ákærði tók að sögn ekki eftir lögreglubíl sem hefði átt að blasa við honum koma akandi eftir Suðurgötunni áður en hann hóf að beita kylfunni. Leikur ekki vafi á að með þessari framgöngu hafi ákærði brotið gegn nefndri háttennisreglu í 16. gr. reglnanna og þannig farið offari og brotið með því gegn 132. gr. almennra hegningarlaga.
73. Samkvæmt framansögðu er það þannig niðurstaða dómsins að ákærði hafi með framgöngu sinni við handtöku brotþola farið gróflega offari með þrennum hætti og þannig gerst brotlegur við 132. gr., 217. gr., sbr. 138. gr., almennra hegningarlaga.

Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður

74. Ákærði er fæddur í september 1995. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 2. október 2023, á ákærði ekki sakaferil að baki. Við ákvörðun refsingar í máli þessu verður að horfa til þess til refsipýngingar, sbr. 1. tölulið 70. gr. almennra hegningarlaga og 138. gr. sömu laga, að með þeirri háttsemi sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir gerði hann sig sekan um að fara offari í opinberu starfi sem fylgja lögbundnar heimildir til valdbeitingar með þrenns konar háttsemi sem einnig verður að fella undir líkamsárás. Á hinn bóginn verður að horfa til þess að ákærði var reynslulítill lögreglunemi er atvik málsins gerðust sem hafði að sögn aldrei lent í aðstæðum sem þessum og virðist hafa orðið svo stressaður að hann hafi misst stjórn á sér í krefjandi aðstæðum þar sem hann naut afar takmarkaðs liðsinnis annarra lögreglumanna. Honum virðist hafa staðið ógn af brotþola og því gripið til harkalegri aðgerða en tilefni hafi verið til að því er virðist til að fyrirbyggja að verða fyrir atlögu af hálfu brotþola sem ekkert liggur fyrir um að hafi verið yfirvofandi. Reynsluleysi ákærða hefur án vafa átt stóran þátt í því. Verður ákærði

með hliðsjón af framangreindu og dómaframkvæmd dæmdur til 30 daga fangelsisrefsingar sem rétt er að verði skilorðbundin eins og nánar greinir í dómsorði.

75. Brotapoli hefur uppi kröfu um miskabætur á hendur ákærða að fjárhæð 2.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga, frá 27. maí 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Bótakrafa þessi var birt við þingfestingu máls þessa þannig að upphafsdagur dráttarvaxtaútreiknings getur ekki miðast við eldri dagsetningu en þá. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með ólögmætum og saknæmum hætti valdið brotþola skaðabótaskyldu tjóni og bakað sér skaðabótaábyrgð. Eru því ekki efni til að fallast á aðalkröfu ákærða um að bótakröfu brotþola verði vísað frá dómi þegar af þeirri ástæðu.
76. Brotapoli leitaði sér ekki lækninga heldur einvörðungu munnlegra ráðlegginga símleiðis frá bráðamóttöku vegna sviða í húð og augum. Hvoru tveggja eru þekktar afleiðingar þess að verða fyrir piparúða eins og áður er rakið og í ljósi þeirra högga sem ákærði greiddi brotþola eru ekki forsendur til að rengja að hann hafi marist af þeim sökum. Þótt ekki liggi fyrir að brotþoli hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum vegna framferðis ákærða er ekki vafa undirorpið að brotþoli hafi orðið fyrir miska í greint sinn svo fullnægt sé hugtaksskilyrðum b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga þannig að hann eigi rétt á miskabótum úr hendi ákærða á þeim grundvelli auk málskostnaðar. Til þess ber að líta að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot í embætti sínu sem lögreglumaður sem almennir borgarar mega treysta að fylgi þeim lögum og reglum sem þeim eru settar í starfi, sérstaklega í ljósi eðlis þess starfs. Það traust á almenningur að geta borið til lögreglu óháð þjóðernisuppruna en fyrir liggur framburður brotþola þess efnis að hann hafi látið hjá líða að kæra framferði ákærða þar sem hann hafi óttast að ekki yrði hlustað á hann vegna þjóðernis og sökum ótta við að fá það óþvegið í öðrum málum sem lögreglan hafi haft til meðferðar á hendur honum. Þótt engin gögn hafa verið lögð fram er skjóta stöðum undir kröfu brotþola um miskabætur verður ekki dregið í efa að atgangur ákærða gagnvart brotþola hafi verið honum mikið áfall þar sem fyrir liggur að hann óttaðist strax í öndverðu er hann stansaði í Aðalstræti að ákærði myndi nota piparúðann gegn sér, sem hann svo gerði nánast tafalaust. Verður því að ákvarða fjárhæð þeirra að álitum. Við mat á fjárhæð bótanna verður þó ekki hjá því komist að líta til hlutar brotþola í aðdraganda afskipta ákærða af honum er hann tróð illsakir við mann í Austurstræti og veittist svo að manninum fyrir augum ákærða, sem mátti réttilega byggja á því í öndverðu að brotþoli væri grunaður um líkamsárás eins og að framan er rakið. Þykir fjárhæð miskabóta sem ákærði verður dæmdur til að greiða brotþola í þessu ljósi og með nokkurri hliðsjón af dómi Landsréttar í máli nr. 84/2018 frá 1. júní 2018 vera hæfilega ákveðin 400.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um

vexti og verðtryggingu frá 27. maí 2023 til þingfestingardags 13. nóvember 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

77. Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Um tímagjald vegna málsvarnarlauna fer samkvæmt reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2024 sem einnig verður horft til við mat á þóknun lögmanns brotaþola sem einkaréttarkröfuhafa. Það áréttast að tekin var afstaða strax í öndverðu til kröfu lögmanns brotaþola um að ekki væru skilyrði að lögum, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, til að skipa brotaþola réttargæslumann og lögmaður hans því nefndur lögmaður bótakrefjanda í þingbók málsins frá þingfestingu þess og í síðari þinghöldum. Engin efni eru til að leyst verði úr síðbúinni kröfu um endurskoðun á ákvörðun dómsins um skipan réttargæslumanns sem fyrst var höfð uppi í upphafi aðalmeðferðar en ekki var krafist úrskurðar um þá kröfu. Slíkri kröfu verður að auki ekki komið að eftir að aðalmeðferð er hafin.
78. Til framangreinds kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, sem ákveðin verða með nokkurri hliðsjón af tímaskýrslu sem liggur fyrir, sbr. 1. gr. reglnanna, 1.500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Jafnframt greiðast málsvarnarlaun verjanda ákærða á rannsóknarstigi, Kristjáns Thorlacius lögmanns 220.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Einnig telst til sakarkostnaðar þóknun lögmanns einkaréttarkröfuhafa, Gunnars Gíslasonar lögmanns, sem ræðst að mestu af tímaskýrslu, 550.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Annar sakarkostnaður féll ekki til.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðarsaksóknari.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Ákærði, Viktor Freyr Hjörleifsson, skal sæta fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði samtals 2.270.000 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs. Þar með talin eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 1.500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og tilnefnds verjanda, Kristjáns Thorlacius lögmanns, 220.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti sem og þóknun lögmanns einkaréttarkröfuhafa, Gunnars Gíslasonar lögmanns, 550.000 krónur með virðisaukaskatti.

Ákærði greiði A 400.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. maí 2023 til 13. nóvember 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Björn L. Bergsson